# GJALDSKRÁ
## fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbæ

**1. gr.**

Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu, sorpeyðingu og afnotum af gámasvæði í Blönduósbæ er sem hér segir:

**1.1.** Á hverja íbúð í og á lögbýli eða íbúðarhús utan þéttbýlis sem hirt er á 21 dags fresti:

| | |
|---|---|
| Sorphirðugjald | kr. 22.150 |
| Sorpförgunargjald | kr. 22.150 |
| Samtals: | kr. 44.300 |

Gjald skv. þessum lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti fyrir almennt sorp og einu 240 lítra sorpíláti fyrir pappír á hvern greiðanda. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða kr. 22.150 fyrir hverja viðbótar 240 lítra sorpílát.

**1.2.** Á sumarhús, kr. 22.150 sorpförgunargjald, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

**1.3.** Hesthús og gripahús í þéttbýli, kr. 22.150 á hús enda geta eigendur notað gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

**2. gr.**

Gjald sorphirðu- og eyðingar skv. 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

**3. gr.**

Að lokinni álagningu gjalda skv. 1. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

**4. gr.**

Gjaldskrá endurvinnslustöðvar er sem hér segir:

Þeir sem koma með úrgang á gámastæðið að Efstubraut 5a, Blönduósi greiða eftir rúmmáli fyrir losun á úrgangi í eftirtöldum flokkum:

| **Stærð farms:** | | **0,25 (1/4) m³** | | **0,50 (1/2) m³** | | **0,75(3/4) m³** | | **1 m³** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gjald | | 1.000 kr. | | 2.000 kr. | | 3.000 kr. | | 4.000 kr. |

| | Gjaldskylt frá heimilum | Gjaldskylt frá rekstraraðilum |
|---|---|---|
| Vörubretti, kassar o.þ.h. | Já | Já |
| Timbur – þar með talið ljós/hvítmálað eða plasthúðað frá framkvæmdum | Já | Já |
| Húsgögn o.þ.h. | Nei | Já |
| Grófur úrgangur frá framkvæmdum | Já | Já |
| Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. | Nei | Já |
| Blandaður úrgangur frá framkvæmdum | Já | Já |
| Blandaður heimilisúrgangur o.þ.h. | Nei | Já |
| Steinefni frá framkvæmdum | Já | Já |
| Bílrúður | Já | Já |
| Jarðvegur | Já | Já |
| Gras og hey | Nei | Já |
| Trjágreinar | Já | Já |
| Garðaúrgangur | Nei | Já |
| Brotajárn | Nei | Já |

- Flokkaður úrgangur sem fer til endurvinnslu er án gjalds fyrir alla.
- Flokkaður úrgangur skal vera án aðskotahluta eða mengandi efna í samræmi við reglur um flokkun og móttöku úrgangs.
- Úrgangsflokkur þarf að vera staðfestur af starfsmanni á gámastöð
- Afgreiðslugjald á gjaldskyldum flokkum er að lágmarki 1.000 kr. m. vsk.
- Þegar um stærri farma er að ræða (5-10 $m^3$) þarf að semja sérstaklega um móttöku þeirra.

**5. gr.**

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Blönduóss þann ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Blönduósbæ og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og skal þegar öðlast gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1288/2017 vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

*Sveitarstjórinn á Blönduósi, 19. desember 2018*

SVEITARSTJÓRINN

**Valdimar O. Hermannsson**